

Sp.

546. Nefndarálit

[79. mál]

um till. til þál. um rannsókn á milliliðagróða.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur haft til athugunar till. á þskj. 86 um rannsókn á milliliðagróða, en jafnframt lá fyrir nefndinni breytingartillaga Einars Olgeirssonar á þskj. 167 um sama efni. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til, að tillagan verði samþykkt nokkuð breytt, en ég taldi réttast að afgreiða málið með því að samþykkja áðurnefnda breytingartillögu Einars Olgeirssonar.

Veigamesti munurinn á tillögu Einars Olgeirssonar og á upphaflegu þingsályktunartillögunni er, að tillaga Einars gerir ráð fyrir alhliða rannsókn á framleiðslukostnaði og verðlagsmyndun í þjóðfélaginu, en upphaflega till. ræðir aðeins um milliliðakostnað.

Nú er það svo, að milliliðakostnaður er teygjanlegt hugtak. Ýmsir vilja miða hann einvörðungu við verzlunarstörf, en neita hins vegar að telja banka og ýmsa opinbera aðila til milliliða í þessu efni.

Rannsókn þessi þarf tvímælalaust að fara þannig fram, að í ljós komi allir helztu þættir framleiðslukostnaðar og verðmyndunar, svo að augljóst sé, hve mikill er þáttur raunverulegra launa og hve mikill er þáttur annars kostnaðar í verðlagi í landinu.

Rannsókn á milliliðagróða má ekki verða nein sýndarathugun, hún þarf að verða ýtarleg og ná til allra þeirra þátta milliliðastarfs, sem raunverulega hafa áhrif á verðmyndunina.

Ég legg því til, að þáttill. verði afgreidd á þann hátt, að samþykkt verði brtt. Einars Olgeirssonar á þskj. 167.

Alþingi, 23. marz 1956.

Lúðvík Jósefsson.